

Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun (sogv)

Símafundur haldinn þann 10. maí 2010 kl. 9:00-10:30

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
Böðvar Pétursson
Eiríkur Björn Björgvinsson
Hjalti Þór Vignisson
Magnús Hallgrímsson
Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri
Þórunn Pétursdóttir
Björg Ágústsdóttir, Alta
Árni Geirsson, Alta
Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Fjarverandi: Ólöf Ýrr Atladóttir
Elín Heiða Valsdóttir

Dagskrá:

- Tímaramminn
- Tillögur frá svæðisráðum
- Þjóðgarðsmörkin
- IUCN – flokkun
- Efni sem gæti bæst við eftir auglýsingu
- Farið yfir lokatillögu að sogv til auglýsingar
- Farið yfir lokatillögu að umhverfismati til auglýsingar
- Ferlið framundan – auglýsingar ofl.
- Hvar á að kynna tillöguna?
- Næstu skref

Haldinn var símafundur þar sem allir fundarmenn voru á línunni. Anna Kristín, Þórður, Árni og Halldóra saman í fundarsíma í Ármúla, en aðrir vítt og breytt um landið.

Anna Kristín setti fundinn.

Halldóra fór yfir dagskrána. Þetta er síðasti fundur fyrir auglýsingu á stjórnunar- og verndaráætlun (sogv). Farið verður yfir alla kafla sogv á þessum fundi til samþykktar. Breytingar sem ákveðnar verða á þessum fundi, verða ekki tíundaðar í fundargerð, heldur færðar inn beint í sogv til að flýta fyrir. Alta mun síðan senda „lokaútgáfu“ (5. drög) til allra til samþykktar, áður en auglýst verður.

Tímaramminn og tillögur frá svæðisráðum

Fram kom hjá Halldóru að ef allt gengur að óskum á þessum fundi og ekkert óvænt kemur upp, þá er ráðgert að auglýsa sogv í Lögbirtingarblaðinu á miðvikudaginn kemur. Það þýðir að ljúka þarf sogv í dag og fá síðan formlega staðfestingu frá öllum stjórnarmönnum á því að þeir samþykki lokaútgáfuna sem verður til í kjölfar þessa fundar.

Samþykktar tillögur frá svæðisráðunum þurfa að vera tilbúnar fyrir auglýsingu á sogv, þó þær verði ekki auglýstar með sogv. Þess þarf, þar sem í lögum er gert ráð fyrir að stjórn vinni sogv, m.a. á grunni tillagna að verndaráætlun frá svæðisráðum. Tillaga frá vestursvæði er ekki enn tilbúin, en Elín Heiða og svæðisráðið allt mun leggja sitt af mörkum til að ljúka tillögunni fyrir miðvikudag.

IUCN

Halldóra reifaði niðurstöðu fundar með Roger Croft þann 6. maí sl., þar sem borin var undir hann tillaga stjórnar að flokkun svæða þjóðgarðsins í mismunandi verndarflokka IUCN. Roger var jákvæður fyrir tillögu um tvo flokka þ.e. Verndarflokka II og VI, þannig að VI yrði á svæðum þar sem hefðbundin landnýting er heimiluð, sbr. viðauka III í reglugerð um þjóðgarðinn. Hann taldi einnig eðlilegt að jökulsker færu undir Ia eða a.m.k. Esjufjöllin þar sem þau eru sérstaklega vernduð skv. reglugerð. Fundarmenn ræddu möguleika



Í þessum efnum og niðurstaðan varð sú að flokka Vatnajökulspjóðgarð undir þrjá flokka, sbr. ofangreint – og Esjufjöllin skv. Ia.

Næstu skref varðandi flokkunina eru að fá fulltrúa frá IUCN til að kynna sér þjóðgarðinn og staðfesta þessa flokkun. Roger kveður slíka skoðun taka 6-8 vikur, en hann mun senda leiðbeiningar til Alta um ferlið á næstu dögum. Stjórn ákvað að fá fulltrúa frá IUCN til að fara yfir sogv formlega. Senda þarf formlegt bréf til IUCN, þar sem óskað er þeirra fulltingis. Stjórnunar- og verndaráætlun verði send til þýðingar þannig að fulltrúar frá IUCN geti lesið hana. Sá texti mun einnig nýtast sem kynningarefni fyrir þjóðgarðinn.

Halldóra benti á að Umhverfisstofnun hefur reynst mikill haukur í horni þegar kemur að nauðsynlegri „aðlögun texta“ sem þýddur hefur verið vegna IUCN skilgreininga. Aðalbjörg Birna starfsmaður þar, sem kom sem þeirra fulltrúi á fund hér, hefur verið tilbúin til að vinna með okkur nær hvenær dags sem er til að ljúka þessu og skal tekið fram að það er mikið hjá henni að gera.

Þjóðgarðsmörkin

Þjóðgarðsmörkin eru víða óskýr. Ákveðið var að fara ekki yfir þetta á fundinum, en Árni mun senda stjórn yfirlit um stöðu þessara mála og þær forsendum sem Alta notar fyrir þjóðgarðsmörkum á skýringarupprættinum.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Farið var yfir stefnuna alla, kafla fyrir kafla og rætt um breytingar sem orðið hafa og tillögur lagðar fram að breytingum á nokkrum stöðum. Sú umræða og breytingar er ekki tíunduð hér, heldur verða niðurstöður færðar inn beint í sogv. Fulltrúar í stjórn fá svo lokatillögu senda í lok dagsins, til samþykktar, sbr. umræðu hér að framan.

Auglýsingaferlið og næstu skref

Sogv verður auglýst og voru formenn svæðisráðanna beðnir um að senda Halldóru yfirlit um héraðsblöð, þar sem auglýsa ætti áætlunina.

Gera má ráð fyrir að auglýsingatíma ljúki þann 23. júní [HH: ekki rætt en niðurstaða eftir skoðun að lengja auglýsingartíma um einn dag þ.a. athugasemdatíma lýkur þann 24. júní]. Þá þarf að taka saman yfirlit um athugasemdir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.00.

.

Fundarritarar Halldóra og Björg

